

# Reglugjörð

## fyrir forðagæslumenn í Borgarfjarðarsýslu.

### 1. gr.

Forðagæslumaður er til þess kjörinn að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsúa og meðferð þeirra á búpeningi.

### 2. gr.

Hann skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar, í fyrra sinni á tímabilinu frá 1. vetrardegi til 10. nóvember, og aftur á tímabilinu frá 1. mars til síðasta vetrardags. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili, og gera í því skyni, ef með þarf, þriðju skoðun. Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og peningshús. — Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

### 3. gr.

Ef forðabúr er til á svæði því, er forðagæslumaður hefir til umsjónar, skal hann vera umsjónarmaður þess, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

### 4. gr.

Forðagæslumaður skal færa allar skoðunargerðir sínar inn í þartil gerða bók, er nefnist forðagæslubók.

### 5. gr.

Eftir hverja skoðun skal forðagæslumaður tilkynna hreppsnefnd brjeflega hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir. Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skal hann jafnan láta hreppsnefnd vita hvers hann verður vísari, og hveðrar hjálpar er þörf, ef illa er ástatt.

### 6. gr.

Það er skylda forðagæslumanns að gefa hverjum búanda þau ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu, er hann hyggur að koma megi að haldi.

## 106

22. okt.

Á hverju vori skal hann veita hverjum búanda vitnisburð í skoðanabók sinni um ástand búpenings og skepnuhirðingu. Vitnisburðir þeir er hann veitir þá og endranær skulu vera á þessa leið: Ágætlega, vel, sæmilega, laklega, illa, afarilla. Skal hann því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu, þ. e. eftirrit af forðagæslubókinni fyrir það fardagaár, sem þá er á enda. Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr bókinni alt það sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

## 8. gr.

Fyrir starf sitt skal forðagæslumaður fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag sem hann er í skoðunarferð, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

## 9. gr.

Ef búandi kemst í fódurþröng, og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fódurskortí, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fódurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

## 10. gr.

Ef búandi er í fódurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fódurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fódurþingða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fódurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að álití forðagæslumanns að kenna fódurskortí, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 22. október 1914.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*